

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 20. febrúar 2012, kl 11.00.
Haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði.**

Mætt voru til fundar, Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson og Ómar Már Jónsson. Kynnt að Sigurður Pétursson myndi seinka vegna seinkunar á áætlunarflugi nú í morgun. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð, 23. janúar 2012
Fundargerð samþykkt.
2. Niðurstaða sáttþóps samkvæmt samþykkt hluthafa FV og atvest.
Tillaga um frestun umræðu til loka fundarins.
3. Staða verkefna.
 - a. Nýtingaráætlun strandsvæða
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefnisins, kort af nýtingu Arnarfjarðar liggur fyrir og síðustu fundir skipulagshóps verð á næstu vikum þar sem lögð er lokahönd á greinargerð. Greinargerð verður síðan send til umsagnar sveitarfélaganna sem eiga aðkomu að firðinum.

Stjórn telur mikilvægt hafin verði undirbúningur að sambærilegri vinnu fyrir önnur svæði á Vestfjörðum. Stjórn telur að rétt sé að staðfesta að nýju samþykkt XX Fjórðungsþings að unnið verði að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði með nýtingaráætlun fyrir strandsvæðis fyrir Vestfirði sem viðauka. Áætla kostnað og fjármögnun verkefnisins og leggja tillögu fyrir 57. fjórðungsþing.

b. Umhverfissvottun sveitarfélaga
Framkvæmdastjóri kynnti að verkefnið hefði frestast tímabundið vegna manneklu. Framkvæmdastjóri falið að gera áætlun um hvernig verkefninu verði framhaldið á þessu ári. Sótt hefur verið um stuðning til umhverfisráðuneytis.

c. Sóknaráætlun landshluta.
Verkefnið hefur verið í biðstöðu frá fundi verkefnisstjórnar sóknaráætlunar landshluta sem haldin var þann 25. nóvember s.l. og vegna annarra verkefna Fjórðungssambandsins. Boðað hefur verið til nýs fundar verkefnastjórnar þann 23. febrúar n.k., ákveðið að taka málið upp að nýju eftir þann fund.

d. Efling sveitarstjórnarstigsins
Formaður kynnti málþing sem haldið var þann 10. febrúar 2012 á Akureyri þar sem kynnt var skýrsla starfshóps innanríkisráðuneytisins einnig var kynnt niðurstaða viðhorfskönnunar á meðal sveitarstjórnarmanna til samvinnu sveitarfélaga. Ekki hefur verið unnið í verkefninu á vegum Fjórðungssambandsins frá síðasta hausti vegna annarra verkefna.

e. Ren Ren.
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefnis.

4. Afkomuspá 2012
Frestað til næsta fundar.

5. Sóknaráætlun landshluta

Kynnt bréf Jöfnunarsjóðs sveitafélaga dags 27. desember 2011 þar sem kynntur er fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs við framkvæmd sóknaráætlunar landshluta, vegna vinnu ársins 2011, alls 5 mkr og næstu þrjú ár alls 75 mkr.

Sigurður Pétursson kom til fundar.

6. Evrópumál

- a. TaieX, kynningarferð

Kynnt erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og utanríkisráðuneyti þar sem boðin er stuðningur við kynnisferð sem studd er af TAIEX. Stjórn samþykkir að taka þessu boði og kannað verði með svæði sem eru dreifbýl, byggja á sjávarútvegi og ferðaþjónustu og hafa búið við fólksfækkun og eða náð snúa fólksfækkun við. Óskað verði eftir að ferð þessi verði skipulögð fljótlega eftir páska. Jón Jónsson og Sigurður Pétursson gera að tillögu að þrír stjórnarmenn sækji þessa ferð.

- b. Evrópustyrkir, IPA

Formaður kynnti að í undirbúningi væri hugmynd að verkefnaumsókn í samstarfi við Akranes, Reykjavíkurborg og Fjölmenningsseturs. FV er boðið til samstarfs um umsókn. með þessum aðilum. Formanni falið að skoða þetta verkefni nánar, umfangi þess og nánari markmiðum.

Í annan stað er möguleikar á umsóknum til IPA. Framkvæmdastjóra falið að kanna mögulega ráðgjöf hvaða verkefnasvið liggi hér undir.

Framkvæmastjóri kynnti að óskað er umsagnar utanríkismálanefndar um þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (reglur um fjárhagsaðstoð við Ísland, IPA), 373. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist fyrir 1. mars nk.. Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Samgöngumál, samgönguáætlun 2011-2022

Lögð fram tillaga að ályktun samgöngunefndar, stjórn samþykkir ályktunina og felur framkvæmdastjóra að senda ályktunina á sveitarfélög, þingmenn NV kjördæmis, samgöngunefnd Alþingis og innanríkisráðuneyti.

Umsögn um samgönguáætlun 2011-2022, samgöngunefnd hefur umsögnina til umfjöllunar. Stjórn óskar eftir að nefndin verði að venju stækkuð með aðild varamanna.

Gert fundarhlé kl 13.50.

Tekið að nýju til umræðu 2. liður um niðurstöðu sáttanefndar.

Sigurður Pétursson fór yfir niðurstöðu sáttahóps sem hér segir;

Tillaga um tímabundið fyrirkomulag mála varðandi rekstur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða árið 2012

Undirritaðir fulltrúar í starfshópi skipaður af hluthafafundi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða leggja til að hluthafafundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða feli stjórn félagsins að ganga til samninga við Fjórðungssamband Vestfirðinga um að Fjórðungssambandið taki að sér rekstur Atvest til áramóta 2012/2013 og að tíminn verði notaður til að skoða málin og gera tillögu að skipulagi stoðkerfisins á Vestfjörðum. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins verði jafnframt framkvæmdastjóri Atvest.

Með þessu móti starfar Atvinnuþróunarfélagið áfram en Fjórðungssambandið sér um daglegan rekstur. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins og Atvest skal sjá til þess að starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins vinni fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir félagið en leggja skal þær áætlanir fyrir stjórn Atvinnuþróunarfélagsins til afgreiðslu. Þá skal framkvæmdastjórinn sjá til þess að gerður verði ársreikningur fyrir Atvinnuþróunarfélagið sem lagður skal fyrir stjórn þess. Komi til þess að ráða þurfi starfsfólk til Atvinnuþróunarfélagsins skal framkvæmdastjórinn sjá um ráðningu enda rúmist slíkt innan fjárhagsáætlunar, en hafa skal hann samráð um ráðningu við stjórn Atvinnuþróunarfélagsins.

8. febrúar, 2012. Snorri Björn Sigurðsson, Sigurborg Þorkelsdóttir , Sigurður Viggósson, Sigurður Pétursson

Sameiginlegri tillögu nefndarinnar fylgdi bókun Sigurður Pétursson þar sem niðurstaða aukapings FV í nóvember 2011 var ítrekuð og Sigurborg Þorkelsdóttir fulltrúi At-kvenna lagði fram bókun varðandi hugmyndir um framtíðarskipan Atvest.

Ómar Már Jónsson kynnti umræðu stjórnarfundar atvest frá 15. febrúar s.l., en fundargerð liggur ekki fyrir.

Stjórn FV felur formanni að ræða við formann stjórn atvest um efni sáttatillöguna á grundvelli umræðu stjórnar atvest. Stjórn FV óskar jafnframt að boðað verði til hluthafafundar í félaginu eins fljótt og verða má samkvæmt samþykktum félagsins. Efni fundarins verði efni sáttatillögu.

Umræðu um málið síðan frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

Kynnt drög að bókun um Reykjavíkurlugvöll, samþykkt að vísa efni bókunarinnar til samgöngunefndar.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar þriðjudaginn 28. febrúar n.k. á Hólmavík, stefnt er að hluti fundarins verði sameignlegur með stjórn SSNV.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.25.